

LOFTDÝNA MEÐ MÓTOR (CUROCELL A4 CX15)

Sjá ítarlegri upplýsingar í gæðaskjali LSH-2273

Loftdýna með mótör hentar sjúklingum sem falla undir eitthvað af eftirfarandi:

- Eru undir 220 kg.
- Eru í mikilli áhættu fyrir myndun þrýstingssára.
- Eru með þrýstingssár á stigi 1, 2, 3 og/eða 4, grun um djúpan vefjaskaða eða óstiganleg þrýstingssár.
- Eru að lágmarki 120 cm á hæð.
- Hafa farið í aflimun á neðri útlimum.

Atriði sem þarf að varast þegar loftdýna með mótör er notuð

- Ekki er ráðlagt að nota loftdýnu með mótör hjá sjúklingum með óstöðug hryggbrot.
- Alltaf skyldi hafa samráð við lækni ef grunur leikur á því að sjúklingur megi ekki liggja á undirlagi sem hreyfist.
- Ekki er ráðlagt að taka röntgenmynd í gegnum loftdýnu með mótör þar sem hætta er á að mynd geti orðið óskýr eða myndgæði leitt til villu í sjúkdómsgreiningu.
- Verjið dýnu og mótör fyrir beinu sólarljósi, heitum flötum, hitalömpum og þess háttar.
- Ekki nota dýnuna inni á baðherbergjum eða þar sem hætta er á að mótör komist í snertingu við vökva (ekki verið að tala um þrif með rökum klút).
- Að oddhvassir hlutir komi nálægt dýnu þar sem auðveldlega er hægt að gera gat á dýnuáklæði og/eða lofthólf.


- Mikilvægt er að rennilás á dýnuáklæði sé að fullu renndur svo ekki berist vökvi og/eða mengandi efni inn í lofthólfín. Faldur á hlið áklæðis skal liggja yfir rennilás.
- Ekki skal opna dýnuáklæði nema það hafi verið þrifið og sótthreinsað samkvæmt leiðbeiningum í gæðaskjali LSH-2705.

Eiginleikar loftdýnu með mótór



Mynd 1 - CuroCell A4 CX15

1. Stjórnborð
2. Tengi fyrir loftslöngu (CPR)
3. Rofi
4. 3,5 mm tengi – eingöngu fyrir framleiðanda
5. Tengi fyrir rafmagnssnúru
6. Loftsía
7. Festingar mótors
8. Rafmagnstengill



Mynd 2 - Mótór loftdýnunnar


- Loftdýna með mótör er með tvö lög af lofthólfum. Í efra lagið er hægt að stýra loftflæði á nokkra vegu. Neðra lagið er ekki tengt mótörnum og er eins konar öryggisdýna, sem verndar sjúkling frá því að liggja á rúmbotni ef lofthólfinn tengd mótör tæmast.
- Dýnan og mótörinn eru með sjálfstillandi virkni þar sem innbyggðir skynjarar aðlaga innri þrýsting dýnunnar út frá þyngd og legu hvers sjúklings. Vegna þessa þarf að núllstillta mótörinn á milli sjúklinga með því að lofttæma dýnuna með „Pack & Go“ aðferðinni (sjá töflu 1).

Notkun loftdýnu með mótör


- Þegar loftdýna með mótör er tekin í notkun, hvort sem um nýja loftdýnu er að ræða eða loftdýnu sem tekin er úr geymslu, skal hún og mótörinn þrífir og sótthreinsuð eins og gert er á milli sjúklinga samkvæmt leiðbeiningum í gæðaskjali LSH-2705.
- Handföng á áklæði eru ætluð til nota þegar verið er að flytja dýnuna en ekki sjúkling liggjandi á dýnunni
- Forðast skal að nota mörg lög af lökum og undirbreiðslum. Íhugið vel þörf hvers undirlags sem er á milli sjúklings og dýnu og fjarlægð þau sem ekki sinna einhverjum tilgangi.
- Forðast skal að strekkja lök það fast utan um dýnuna að það hindri lofthólf til að fyllast og tæmast.
- Ef þörf er á framlengingu við dýnu á að setja hana höfðalags megin við dýnu.

Dýna tekin í notkun

1. Dýnan er lögð beint ofan á rúmbotn
2. Dýnan getur aðeins snúið á einn veg. Mikilvægt er að fótaendi dýnunnar sé við fótagafl rúms.
3. Festa þarf dýnuna við rúmbotninn með þar til gerðum festingum. Við höfðagafl eru fjórar festingar og við fótagafl eru tvær festingar.
4. Mótör er festur við fótagafl rúmsins, slökkt skal vera á rofanum og þess gætt að festingar mótors séu færðar saman að rúmgaflni svo minni líkur séu á að þær valdi sjúklingi skaða, sjá mynd 3.




Mynd 3 – festing mótors við rúm



Mynd 4 – loftslanga tengd við mótór

5. Opnið lok á loftslöngu (merkt CPR) og tengið hana við mótórin. Það heyrst smellur þegar loftslanga er tengd við mótórin, sjá mynd 4.
6. Rafmagnsnúra er þrædd inn í sérstakan vasa á dýnunni og hólfinu lokað með smellum.
7. Setjið rafmagnstengilinn í samband við rafmagn í vegg.
8. Tengjið rafmagnsnúruna við mótórin og kveikið á mótörnum með því að ýta á rofann, sjá mynd 5.



Mynd 5 – staðsetning rofa



Mynd 6 – stjórnborð mótors

9. Ljós við forstillta meðferðarstillingu (bylgjuhreyfingu – „pulsating“) mun blikka á meðan dýnan er að fylla sig af lofti (tekur um 20-30 mínútur).
10. Dýnan er tilbúin til notkunar þegar ljós á meðferðarstillingu hættir að blikka og logar stanslaust


Stillingar

Dýnan stillir sig sjálfkrafa eftir hæð, þyngd og staðsetningu sjúklings þegar sjúklingur hreyfir sig á dýnunni og með reglulegu millibili.

Stjórnborð	Virgni
	Slökkt á aðvörunarhljóði
	Takkaborð læst eða aflæst. Ljós þýðir að takkaborð sé læst. Takkaborð læsist sjálfkrafa ef enginn takki hefur verið snertur í 5 mínútur til að varna því að meðferðarstillingum sé óvart breytt. Til að aflæsa takkaborði þarf að halda takkanum inni í 2 sekúndur
	Pack & Go – Aðgerð til að lofttæma dýnu og endurstilla mótór á milli notenda. Takka haldið inni í 2 sekúndur, þá byrjar ljósið að blinka. Lofttæming tekur um 20 mínútur og gefur mótörinn frá sér hljóð þegar því er lokið.
	Breytilegur þrýstingur (e. Alternating) <ul style="list-style-type: none"> • Annað hvort lofthólf tæmist/fyllist og þrýsting er aflétt á mismunandi svæði líkamans til skiptis • Hægt er að velja þann tíma sem tekur fyrir þrýsting að breytast í lofthólum. Ráðlagður tími er 10 mínútur
	Bylgjuhreyfing (e. Pulsating) <ul style="list-style-type: none"> • Þegar kveikt er á mótór fer hann sjálfkrafa á þessa stillingu. • Mælt er með því að þessi meðferðarstilling sé notuð • Breytilegur lágþrýstingur er í lofthólum. Loftið færast á milli með bylgjuhreyfingu. Blóðflæði til velja verður jafnara og notandi finnur minna fyrir því þegar lofthólf tæmast og fyllast • Hægt er að velja þann tíma sem tekur fyrir þrýsting að breytast í lofthólum. Ráðlagður tími er 10 mínútur
	CLP – Stöðugur lágþrýstingur (Constant Low Pressure) <ul style="list-style-type: none"> • Í stöðugum lágþrýsting er sami þrýstingur í öllum lofthólum dýnunnar • Hér er ekki þörf á að stilla meðferðarlotur þar sem engar breytingar eru á þrýstingi í lofthólum
	MAX <ul style="list-style-type: none"> • Í þessari stillingu eru öll lofthólf fyllt að fullu og dýna gerð stíf • Eingöngu ætti að nota þessa stillingu þegar verið er að hagræða sjúklingi í rúmi, læra hann upp í eða fram úr rúmi • Eftir 20 mínútur í þessari stillingu fer dýnan sjálfkrafa á fyrri meðferðarstillingu
	Aðvörunarljós Mismunandi aðvörun kemur eftir því hversu alvarleg hún er, sjá nánar í kafla um villuboð í gæðaskjali LSH-2273. Til að slökka á aðvörunarhljóði þarf að ýta á takkann sem slekkur á hljóði 
	Loftslanga ekki tengd rétt við mótór
	Langd meðferðarlotu (10, 15, 20, 25 mínútur) (Cycle time settings). Hér koma einnig fram villuboð, sá nánar í kafla um villuboð í gæðaskjali LSH - 2273
	Þægindastillingar. Hægt er að auka þrýsting í dýnu um tvö stig til að auka þægindi sjúklings ef honum finnst dýnan heldur lín.

Tafla 1 – Útskýringar á stjórnborði

Endurlífgun - CPR



Mynd 4 – loftslanga fjarlægð frá mótör

- Ef þörf er á endurlífgun fjarlægðu þá loftslöngu (merkt CPR) frá mótör og hafið lokið á slöngunni opið svo hægt sé að tæma dýnuna snögglega af lofti, sjá mynd 4.

Sjúklingur fluttur í rúmi

- Fjarlægðu loftslöngu frá mótör (merkt CPR) og lokið lokinu á slöngunni eða takið rafmagnstengilinn úr sambandi frá veggnum. Í báðum tilvikum helst loftið í dýnunni í að minnsta kosti 12 klukkutíma.

Geymsla loftdýnu með mótör

- Þvo, sótthreinsa og gæðameta skal dýnu samkvæmt verklagi áður en hún er lofttæmd, sjá verklag í gæðaskjali LSH-2705.
- Alltaf skal geyma dýnu með áklæði renndu alla leið svo það hylji lofthólfinn

Vísbendingar eru um að loftdýna með mótör sé ekki í lagi og þurfi að taka úr notkun og senda í viðgerð/yfirferð

- Ef sjúklingi finnst hann koma við rúmbotninn eða starfsmann grunar að sjúklingur liggir á rúmbotni.
- Ef sjáanlegar skemmdir eru á dýnu, rennilás, snúrum, loftslöngu, mótör og svo framvegis.
- Ef sjáanleg dæld er í dýnunni.
- Ef áklæði er slitnið, á því eru göt eða blettir, rennilás er ekki í lagi eða handföng rifin.